

og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Olafur Jónsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og verkjanda og verjanda fyrir yfirdóminum yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 33/1906:

Pétur M. Bjarnarson

gegn

Jóni Laxdal fyrir hönd Emil Strand.

D ó m u r:

Í máli þessu lögsótti verzlunarstjóri Jón Laxdal á Ísafirði fyrir hönd Emil Strand sama staðar kaupmann Pétur M. Bjarnarson á Ísafirði til endurgreiðslu á 500 kr. og til skaðabótageiðslu, hvorttveggja út af kaupum á meðalalýsisbræðslustofnun í Bolungarvík, er áfrýjandi

og Strand höfðu verið í félagi um en áfrýjandi seldi síðan Strand. Var málið dæmt í aukarétti Ísafjarðar-kaupstaðar 20. okt. 1904 með þeim úrslitum, að áfrýjandi skyldi greiða Jóni Laxdal fyrir hönd Emil Strand hinar umstefndu 500 kr. ásamt 5⁰/₀ vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en að öðru leyti var hann sýknaður af kærnum og kröfum stefnda og málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 22. júní og 5. júlí þ. á. og fengið til þess kgl. uppreistarleyfi, útgefið 22. júní þ. á. Hefir áfrýjandi krafist þess fyrir yfirdómi, fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá aukaréttinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda, og hvernig sem fer, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum með 100 kr. eða eftir mati yfirdómsins.

Það er ekki ástæða til að vísa málinu frá aukaréttinum, eins og áfrýjandi hefir krafist, eða ómerkja meðferð þess þar, hvorki fyrir þá sök, að umboðsmaður stefnda, verzlunarstjóri Jón Laxdal, hafi eigi haft lögmætt og fullnægjandi umboð til að höfða málið, né heldur af hinu, að dómurinn, sem dæmdi málið, hafi verið of skyldur nefndum umboðsmanni, til þess að mega leggja dóm á málið, þótt hann og dómurinn væru svilar.

Að því er snertir málefnið sjálft, þá er það svo til komið, að haustið 1903 settu þeir á stofn meðalalýsisbræðslu í Bolungarvík áfrýjandi og hinn stefndi Emil Strand, og lagði áfrýjandi til peninga þá er þurfti til fyrirtækisins, en Strand, sem hafði staðið fyrir samskonar fyrirtæki í Norvegi, stjórnaði verkinu. Þeir félagar urðu þó brátt ósáttir og kom þeim þá saman um að slíta félagsskapnum, og seldi áfrýjandi þá Strand fyrirtækið með skjali, dags. 23. okt 1903, ásamt húsum og áhöldum og »framlögðum peningum« í þess þarfir, fyrir 1500 kr., er Strand svo greiddi að fullu 31. s. m., en Strand seldi sama dag 3 mönnum öðrum $\frac{3}{4}$ hluti í fyrirtækinu til sameignar við sig fyrir 1500 kr., þar á meðal $\frac{1}{4}$ hlutann umbodsmanni sínum í máli þessu Jóni verzlunarstjóra Laxdal.

Hinn stefndi Emil Strand hefir nú haldið því fram, að sér hafi verið seld með fyrirtækinu í »framlögðum peningum« ávísun að upphæð 500 kr., er bróðir áfrýjanda hafi gefið út til Kaupmannahafnar fyrir hönd áfrýjanda og send var til Norvegs sem borgun fyrir tunnur undir lýsi, en ávísun þessi var aldrei útborguð, því að áfrýjandi eða bróðir hans afturkölluðu hana. Áleit stefndi, þar sem þannig fór um ávísunina, að hann hefði ofborgað áfrýjanda upphæð hennar 500 kr., og hefir hann krafist endurgreiðslu á þeim í máli þessu, eins og einnig skaðabóta, 2000 kr. fyrir það tjón, er fyrirtækið varð fyrir af því að tunnur þær undir meðalalýsið, er pantaðar höfðu verið fyrir nefnda ávísunarupphæð, fengust ekki sendar frá Norvegi í tæka tíð fyrir afturköllun ávísunarinnar.

Með skjölum þeim, er stefndi hefir lagt fram í málinu, sérstaklega með sundurliðaðri skrá — dags. 23. okt. 1903 eða sama dag og kaupin gjörðust, og undirskrifaðri af áfrýjanda — yfir það er lagt hafði verið til bræðslufyrirtækisins af áfrýjanda, en það voru samtals 1500 kr., eða sama upphæðin sem Strand keypti fyrirtækið fyrir, virðast að visu allmiklar líkur færðar fyrir því, að 500 kr. ávísun sú, er fyr getur, hafi verið talin meðal þess, er áfrýjandi seldi Strand og hann borgaði með 1500 kr., en áfrýjandi hefir fastlega neit að því í málinu að svo hafi verið, og hefir hann til stuðnings neitun sinni lagt fram skjal, dags. 21. desbr. 1903, undirskrifað af Strand og áfrýjanda, þar sem þeir lýsa því yfir, að þeir hafi sín á milli bundið enda á þann miskilning, er orðið hafi milli þeirra út af ávísun til Kaupmannahafnar, að upphæð 500 kr., er Strand hafi fengið hjá bróður áfrýjanda, og »har jeg Strand intet Krav paa P. M. Bjarnarson desangaaende og intet Krav havt«.

Hinn stefndi Strand hefir kannast við að hafa undirskrifað þessa yfirlýsingu, og það er enginn ágreiningur um það, að ávísunin, sem þar er nefnd, sé sú hin sama, sem mál þetta er sprottið af. Stefndi Strand játar því í yfirlýsingunni, að hann eigi enga kröfu á hendur áfrýjanda út af ávísuninni, og hafi eigi átt. Hann hefir að visu þóttst að eins hafa undirritað yfirlýsinguna með ákveðnum skilmálum (»paa visse Betingelser«), og eiga þessir skilmálar að hafa verið þeir, að áfrýjandi greiddi nefndar 500 kr. vorið eftir, er Strand kæmi heim aftur úr ferð til útlanda, er hann var að búast til; en viðurkenninguna um að Strand ætti enga

kröfu á hendur áfrýjanda út af ávísuninni og hefði eigi átt, þykist hann hafa gefið, af því að áfrýjandi hafi talið honum trú um, að hann (Strand) ætti ekki lengur tilkall til endurgreiðslu ávísunarupphæðarinnar, heldur þeir 3 menn, er hann hafi selt lýsisbræðslufyrirtækið til sameignar við sig.

Þessar fullyrðingar frá stefnda hálfu eru þó alveg órökstuddar og koma í bága við það, að stefndi um sama leyti (8. jan 1904) skrifaði bróður áfrýjanda, að hann hefði einn sæzt á málið við áfrýjanda af því að hann álíti að ágreiningurinn út af ávísuninni væri sér einum viðkomandi en ekki sameignarmönnum sínum, og að stefndi Strand þegar hann kom frá útlöndum vorið 1904, einmitt þá þegar áfrýjandi eftir »skilmál-unum« hefði átt að borga honum umræddar 500 kr., borgaði sjálfur áfrýjanda í stað þess 200 kr. lán, er hann fekk hjá áfrýjanda þegar yfirlýsingin 21. desbr. 1903 var samín, áður en stefndi sigldi. Á hinn bóginn er yfirlýsingin eftir orðalagi sínu ljós og ótvíræð viðurkenning þess, að stefndi ætti enga kröfu á hendur áfrýjanda út af margnefndri ávísun og hafi jafnvel aldrei átt, og þar sem stefnda hefir eigi tekist að sýna eður sanna, að nokkur fyrirvari hafi þar verið viðhafður eða skilmáli settur, þá verður að dæma áfrýjanda sýknan af kröfu hans um endurgreiðslu ávísunarupphæðarinnar, og ber að breyta hinum áfrýjanda dómi samkvæmt þessari niðurstöðu. Eftir málsatvikum virðist eiga að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega metinn 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjandi Pétur M. Bjarnarson kaupmaður á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda Jóns Laxdal verzlunarstjóra fyrir hönd Emil Strand. Stefndi greiði afrýjanda í málskostnað fyrir báðum dómum 50 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.